

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 20. janúar 2020 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-74/2019.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 10. nóvember 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreið Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst þess að seljanda verði gert að gera við bifreiðina sér að kostnaðarlausu.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 6. desember 2019, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur í því skyni. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Neftndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 16. janúar 2020, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi festi kaup á bifreiðinni XX-000, nýrri af seljanda þann 4. júlí 2012 en kaupverð var 4.075.761 króna. Bifreiðin er af gerðinni Skoda Octavia, árgerð 2012, og mun vera með sjö þrepa DSG þurrskiptingu. Að sögn álitsbeiðanda hefur ávallt verið farið með bifreiðina í þjónustuskoðanir til seljanda.

Álitsbeiðandi lýsir því að skipting bifreiðarinnar hafi bilað þann 12. júlí 2019 eftir um 200 km akstur í ferðalagi. Þannig hafi skyndilega komið högg og óhljóð í skiptinguna og bifreiðin orðið mjög kraftlaus. Unnt hafi verið að aka bifreiðinni heim, þó kraftlaus væri, þar sem bifvélavirki hafi verið fenginn til að bilanagreina bifreiðina með tölvulestri. Er vísað til þess að sú villa sem komið hafi upp við tölvulestur kallist „P072B“ og tengist „mechatronic“ í skiptingu bifreiðarinnar. Bifreiðinni hafi aðeins verið ekið rúmlega 74.000 km þegar bilunin hafi komið fram. Þá kveðst álitsbeiðandi hafa lesið sér til um villukóðann og eftir leit á internetinu lægi ljóst fyrir að miklar bilanir hafi orðið á slíkum skiptingum sem séu af tegundinni „DQ200 7 speed ENQ“.

Álitsbeiðandi lýsir því að hann hafi haft samband við seljanda í kjölfar bilunarinnar og fengið þær upplýsingar að engin innköllun hafi verið gerð vegna slíkra galla í skiptingu bifreiðar álitsbeiðanda. Þær innkallanir sem gerðar hafi verið vegna slíkra skiptinga hafi þvert á móti lotið að bifreiðum með öðru tegundarnúmeri. Í tölvupósti seljanda til álitsbeiðanda kom ennfremur fram að tvær þjónustuuppfærslur hefðu verið gefnar út á bifreiðar með þessari skiptingu, önnur vegna aukaefna í olíu sem leitt hefðu getað til skammhlaups og bruna á öryggi girkassa ásamt hugbúnaðaruppfærslu en hin aðeins vegna hugbúnaðaruppfærslu. Þá kom fram af hálfu seljanda að bifreið álitsbeiðanda hefði verið framléidd með réttri olíu og hugbúnaði og því hefðu uppfærslurnar ekki átt við um viðkomandi bifreið.

Álitsbeiðandi byggir á að skipting bifreiðarinnar hafi verið haldin galla sem seljanda hafi mátt vera kunnugt um. Hafi seljanda borið að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir óþarfa kostnað, vandamál og hættu vegna galla í skiptingunni. Álitsbeiðandi bendir á að skiptingar af þessari gerð hafi aðallega bilað í heitum löndum og hafi til að mynda Kína, Egyptaland og Ástralía innkallað bifreiðar með þessum sömu skiptingum. Þegar bifreiðin

bilaði hafi verið óvenju heitt yfir sumarmánuði hér á landi að sögn álitsbeiðanda. Jafnframt því hafi margvíslegir gallar komið upp um heim allan vegna skiptinga af þessu tagi en ógerningur sé að átta sig á því hvaða galli eigi við um hvaða árgerð bifreiðarinnar. Svör seljanda hafi ekki skýrt málið þrátt fyrir beiðni um upplýsingar af hálfu álitsbeiðanda. Þá kemur fram í málgögnum að seljandi hafi óskað eftir þátttöku framleiðanda í viðgerð á bifreiðinni með ágiskun um að bilunin væri tengd skiptigöflum en framleiðandi hafi neitað þátttöku.

Álitsbeiðandi heldur því fram að þrátt fyrir að bifreiðin sé ekki lengur í ábyrgð hafi seljanda verið kunnugt um galla í skiptingunni áður en bifreiðin var orðin þriggja ára gömul. Álitsbeiðandi bendir á að framleiðandi telji ekki þörf á að skipta um gírolú í þessum bifreiðum þar sem um svokallaða eilífðarolú sé að ræða. Kveðst álitsbeiðandi vita um tilvik þar sem þjónustuverkstæði hafi skipt um olú á skiptingunni þrátt fyrir fullyrðingu framleiðanda, en í þeim tilvikum hafa skiptingarnar ekki bilað með þessum hætti. Þrátt fyrir að bilunin komi ekki upp í öllum bifreiðum, og sjaldnar þar sem er kalt í veðri, byggir álitsbeiðandi á að seljanda hafi borið að veita viðskiptavinum sínum upplýsingar um gallann í stað þess að bíða eftir að bifreiðar falli úr ábyrgð.

Álitsbeiðandi telur að seljandi, sem umboðs- og þjónustuaðili framleiðanda hér á landi, hafi ekki brugðist við með réttum hætti þegar í ljós kom að skipta varð um olú á slíkum skiptingum. Krefst álitsbeiðandi þess að seljandi taki ábyrgð í málinu og láti skipta út skiptingu bifreiðarinnar á eigin kostnað.

#### IV

##### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Um ágreining aðila gilda lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 nýja af seljanda þann 4. júlí árið 2012. Rúmlega sjö árum síðar, þann 12. júlí 2019, bilaði skipting bifreiðarinnar eftir aðeins rúmlega 74.000 km akstur. Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin og að seljanda hafi verið það kunnugt um þann galla frá því að bifreiðin var tæplega þriggja ára. Krefst álitsbeiðandi þess að seljanda verði gert að greiða fyrir viðgerð á bifreiðinni og nýja skiptingu þar sem seljandi hafi vanrækt skyldur sínar sem umboðs- og þjónustuaðili framleiðanda hér á landi.

Ákvæði 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) mælir fyrir um tilkynningarfresti vegna galla, en ákvæðið er svohljóðandi:

*Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.*

Samkvæmt 4. mgr. 27. gr. nkpl. glatar neytandi rétti sínum til að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir seljanda ekki um galla innan framangreindra tímamarka sem eru almennt að hámarki tvö ár eða fimm ár eftir atvikum. Ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða

framferði hans er á annan hátt ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú hefur neytandi þó möguleika á að tilkynna um galla að liðnum fresti samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins.

Fyrir liggur að frestir álitsbeiðanda til að tilkynna um galla eru liðnir þar sem bifreiðin bilaði um sjö árum eftir kaupin. Kærunefndinni er því ekki fært að taka kröfu álitsbeiðanda til greina á grundvelli laga nr. 48/2003 um neytendakaup nema því verði slegið föstu að seljandi hafi sýnt af sér vítavert gáleysi eða aðilinn starfað í bága við heiðarleika og góða trú. Í gögnum málsins kemur fram að bilun hafi verið nokkuð algeng í ýmsum sjö gíra DSG þurrskiptingum líkt og í bifreið álitsbeiðanda. Þá kemur fram að innköllun hafi verið gefin út hér á landi vegna galla í gírolíu tiltekinna bifreiða sömu tegundar af ýmsum árgerðum. Seljandi hefur hins vegar bent á að tegundarnúmer bifreiðar álitsbeiðanda sé ekki hið sama og í hinum innkölluðu bifreiðum. Í gögnum málsins er þó að finna tilkynningu um slík mál í erlendum fjölmiðli þar sem fram kemur að tegundarnúmer gefi ekki fullnægjandi staðfestingu á því að galli sé ekki til staðar.

Kærunefndin telur að við niðurstöðu málsins verði að líta til þess að framleiðandi bifreiðarinnar hefur ekki gefið seljanda fyrirmæli um að taka bifreiðar af tegund umþrættrar bifreiðar til skoðunar vegna mögulegs galla. Þá hefur hvorki verið leitt í ljós í málinu að seljandi hafi verið ljóst að bifreiðin gæti verið haldin galla né að seljandi hafi sýnt af sér vanrækslu af þeim sökum. Með hliðsjón af framangreindu telur kærunefndin sér ekki fært að líta svo á að seljandi hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða starfað andstætt heiðarleika eða góðri trú í skilningi 4. mgr. 27. gr. nkpl. Þegar af þeirri ástæðu eru ekki efni til annars en að hafna kröfu álitsbeiðanda í málinu sem of seint fram kominni á grundvelli þeirra tímafresta sem kveðið er á um í 2. mgr. 27. gr. nkpl.

## V

### Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Sölvi Davíðsson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson